



Skýrsla starfshóps um þjálfun barna á leikskólatíma

Desember 2009

Starfshópurinn skipuðu:

Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á Leikskólasviði, formaður.

Ásrún Guðmundsdóttir, sérkennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Brynhildur Guðmundsdóttir, sérkennslustjóri Múlaborgar.

Hrefna Pedersen, sérkennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar.

Ólafía B. Davíðsdóttir, leikskólastjóri Stakkaborgar.

Leikskólasvið 2009

Samantekt á niðurstöðu - viðmiðunarreglur vegna þjálfunar barna í leikskóla

1. Börn í leikskólum í Reykjavík sem þurfa á sérstakri þjálfun að halda á leikskólatíma þurfa almennt að sækja þá þjálfun til viðeigandi þjálfunaraðila. Er hér átt við sjúkrapjálfun (þar með talin sundþjálfun), iðjuþjálfun og talþjálfun. Lögð er mikil áhersla á áframhaldandi góða samvinnu við þjálfunaraðila og að þjálfun barna fari fram í leikskólanum eins og unnt er.
2. Börn sem fá stuðning úr 1. og 2. fötlunarflokki Leikskólasviðs og þurfa á þjálfun að halda vegna fötlunar sinnar geta fengið fylgd stuðningsaðila einu sinni í viku til og frá þjálfunaraðila. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra þ.e. foreldrar sjái einnig um að fara með barnið í þjálfun. Vegna sérhæfingar leikskólans Múlaborgar og nálægðar hans við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra á þetta ekki við um hann.
3. Starfsfólk leikskóla fylgir barni í þjálfun og klæðir barn eða gerir það tilbúið til þjálfunar og tekur við barninu aftur eftir að þjálfun er lokið. Starfsfólk leikskóla má fylgjast með þjálfun og fá ráðgjöf hjá þjálfunaraðilum. Starfsfólk leikskóla er ekki þjálfunaraðili og sinnir því ekki þjálfun. Það fer því t.d. ekki ofan í sundlaug með barninu.
4. Starfsfólki leikskóla er með öllu óheimilt að fara með barn af leikskóla í einkabílum. Leikskólasvið greiðir ekki fyrir ferðir barns í þjálfun en hægt að sækja um til ferðaþjónustu fatlaðra. Einnig geta foreldrar greitt leigubifreið fyrir barn og starfsmann leikskóla til og frá þjálfun.

Leikskólasvið áskilur sér rétt til að skoða hvert tilfelli fyrir sig.

Kynnt í framkvæmdastjórn Leikskólasviðs 25. janúar 2010

Kynnt fyrir samráði leikskólastjóra 1. febrúar 2010

Efnisyfirlit

1. Starfshópur.....	5
a. Starfshópur – tilurð.....	5
b. Starfshópur – hlutverk og verkefni.....	5
c. Vinna starfshópsins.....	5
2. Söfnun upplýsinga.....	5
3. Niðurstöður.....	7
4. Fylgiskjöl	
Erindisbréf starfshópsins.....	8
Vinnureglur vegna fylgdar barna af hálfu leikskólans til þjálfra frá Akureyri.....	9
Niðurstöður könnunar.....	10

1. Starfshópur

a. Starfshópur – tilurð

Samræmd vinnubrögð vegna þjálfunar barna með þroskafrávik hafa ekki fyrir hendi í leikskólum Reykjavíkurborgar, en starfsfólk leikskóla og foreldrar fatlaðra barna hafa kallað eftir þeim. Ákveðið var á Leikskólasviði í júní 2009 að stofna starfshóp sem hefði það hlutverk að gera tillögur um hvaða þjálfun barna með þroskafrávik eigi að fara fram á leikskólatíma. Ákveðið var að Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnisstjóri sérkennslu á Leikskólasviði, yrði formaður starfshópsins. Aðrir fulltrúar í starfshópnum voru Ásrún Guðmundsdóttir, sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Brynhildur Guðmundsdóttir, sérkennslustjóri Múlaborgar, Hrefna Pedersen, sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöðinni Vesturgarði og Ólafía B. Davíðsdóttir, leikskólastjóri Stakkaborgar.

b. Starfshópur – hlutverk og verkefni

Hlutverk starfshópsins samkvæmt erindisbréfi (fylgiskjal 1) var að gera tillögu um hvaða þjálfun barna með þroskafrávik eigi að fara fram á leikskólatíma.

Helstu verkefni starfshópsins voru:

- Kanna meðal leikskóla í Reykjavík hvaða þjálfun er í boði á leikskólatíma, s.s. talþjálfun, sundþjálfun, iðjuþjálfun.
- Kanna meðal annarra sveitarfélaga hvaða þjálfun er í boði á leikskólatíma.
- Gera tillögur um hvaða þjálfun eigi að vera í boði á leikskólatíma.

c. Vinna starfshópsins

Starfshópurinn hittist fimm sinnum á tímabilinu 25. ágúst til 2. desember 2009. Á fundum voru rædd ýtarlega þau atriði sem viðkoma þjálfun barna með þroskafrávik.

Á fundi starfshópsins komu Sigríður Thorlacius lögfræðingur til að ræða fyrirkomulag þjálfunar út frá lögum um leikskóla. Einnig komu Áslaug Guðmundsdóttir, Gerður Gústavsdóttir og Rósa Guðsteinsdóttir frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra til að ræða þeirra aðkomu að þjálfun fatlaðra barna og samvinnu við leikskólana.

2. Söfnun upplýsinga

Starfshópurinn leitaði eftir upplýsingum frá öðrum sveitarfélögum varðandi þjálfun barna í leikskólum.

Frá Akureyri bárust þær upplýsingar að verkferli er til vegna barna sem þurfa á þjálfun að halda á leikskólatíma (fylgiskjal 2). Þar fá börn fylgd í þjálfun ef þau fá meira en þrjár stundir í

stuðning á dag einu sinni í viku. Þau börn sem fá meira en fjóra tíma í stuðning geta fengið ótakmarkaða fylgd í þjálfun.

Frá Hafnarfirði bárust þær upplýsingar að utanaðkomandi sérfræðingar veiti ekki þjálfun í leikskólum Hafnarfjarðar og að starfsfólk leikskóla fylgi ekki börnum í þjálfun.

Frá Kópavogi bárust þær upplýsingar að sjúkraþjálfun fari fram í örfáum leikskólum Kópavogs og þá helst þar sem tvö eða fleiri börn þurfa á þjálfun að halda. Foreldrar greiða þá fyrir ferð þjálfans. Í einum leikskóla fer starfsmaður með barninu í sjúkraþjálfun og er þá notast við ferðapjónustu fatlaðra til að komast á milli staða. Starfsmaðurinn tekur ekki þátt í þjálfuninni.

Frá Reykjanesbæ bárust þær upplýsingar að ef barn fer í þjálfun á leikskólatíma er það sótt á bíl á vegum bæjarfélagsins en starfsmaður leikskóla fer ekki með. Ef þjálfunin er ekki í sveitarfélaginu (iðjuþjálfun) sjá foreldrarnir um að koma barninu í þjálfun. Hvert tilvik er þó skoðað fyrir sig.

Gestir starfshópsins

Sigríður Thorlacius kom á fund starfshópsins 13. nóvember. Hún lagði áherslu á að gæta þyrfti að jafnræði gagnvart börnum og foreldrum. Hún sagði að skoða þyrfti starfslýsingar stuðningsaðila og gæta þess að starfsmenn leikskóla gangi ekki í störf annara, s.s. sjúkraþjálfara. Ekki væri óeðlilegt að aðrar reglur giltu fyrir sérhæfðan leikskóla eins og Múlaborg en gæta þyrfti jafnræðis því ekki er öruggt að hægt sé að tryggja öllum fjölfötluðum börnum vist í þeim skóla. Leikskólinn ber ekki kostnað af ferðum vegna þjálfunar barna.

Áslaug Guðmundsdóttir, Gerður Gústavsdóttir og Rósa Guðsteinsdóttir frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra komu á fund starfshópsins 23. nóvember. Þær sögðu frá fyrirkomulagi sjúkraþjálfunar, en þær vinna bæði með einstaklinga og hópa. Í hópatímum er aðallega verið að vinna með félagslega þáttinn. Leiðbeinandi reglur eru í gildi hjá Styrktarfélaginu um að ef 3 eða fleiri börn á sama leikskóla þurfi þjálfun þá reyni sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari að fara í leikskólann. Lögð var áhersla á áframhaldandi gott samstarf leikskóla og þjálfunaraðila.

Könnun starfshópsins

Könnun var sent til leikskóla í Reykjavík og bárust svör frá 80 þeirra eða 100% svörun.

- Niðurstöðurnar eru að í 54 leikskólum eru 120 börn sem fá utanaðkomandi þjálfun. Í 41 leikskóla fer barnið annað í þjálfun, í 14 leikskólum fer barnið annað og þjálfinn kemur í leikskólann, en í einum leikskóla kemur þjálfinn alltaf í leikskólann. Þegar spurt var hvort starfsmaður fylgdi barninu til þjálfara þá var það gert í 8 leikskólum og í fimm leikskólum er starfsmaðurinn þátttakandi í þjálfun barnsins. Þegar spurt var um ferðamáta þegar starfsmaður fer með barninu í þjálfun komu ýmis svör. Starfsmenn fóru ýmist á einkabílum, gangandi, með leigubíl eða með ferðapjónustu fatlaðra.

3. Niðurstöður

Niðurstöður starfshópsins voru að gera viðmiðunarreglur vegna þjálfunar barna í leikskólum sem yrðu lagðar fyrir samráð leikskólastjóra og framkvæmdastjórn Leikskólasviðs til samþykktar.

1. Börn í leikskólum í Reykjavík sem þurfa á sérstakri þjálfun að halda á leikskólatíma þurfa almennt að sækja þá þjálfun til viðeigandi þjálfunaraðila. Er hér átt við sjúkrapjálfun (þar með talin sundþjálfun), iðjuþjálfun og talþjálfun. Lögð er mikil áhersla á áframhaldandi góða samvinnu við þjálfunaraðila og að þjálfun barna fari fram í leikskólanum eins og unnt er.
2. Börn sem fá stuðning úr 1. og 2. fötlunarflokki Leikskólasviðs og þurfa á þjálfun að halda geta fengið fylgd stuðningsaðila einu sinni í viku til og frá þjálfunaraðila. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra, þ.e. foreldrar sjái einnig um að fara með barnið í þjálfun. Vegna sérhæfingar leikskólans Múlaborgar og nálægðar hans við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra á þetta ekki við um hann.
3. Starfsfólk leikskóla fylgir barni í þjálfun og klæðir barn eða gerir það tilbúið til þjálfunar og tekur við því aftur eftir að þjálfun er lokið. Starfsfólk leikskóla má fylgjast með þjálfun og fá ráðgjöf hjá þjálfunaraðilum. Starfsfólk leikskóla er ekki þjálfunaraðili og sinnir því ekki þjálfun. Það fer t.d. ekki ofan í sundlaug með barninu.
4. Starfsfólki leikskóla er með öllu óheimilt að fara með barn af leikskóla í einkabílum. Leikskólasvið greiðir ekki fyrir ferðir barns í þjálfun, en hægt að sækja um til ferðaþjónustu fatlaðra. Einnig geta foreldrar greitt leigubifreið fyrir barn og starfsmann leikskóla til og frá þjálfun.

Leikskólasvið áskilur sér rétt til að skoða hvert tilfelli fyrir sig.

4. Fylgiskjöl

A. Erindisbréf

Erindisbréf

Heiti vinnuhóps: Starfshópur þjálfun barna með þroskafrávik í leikskólum Reykjavíkur
Ábyrgðarmaður: Elisabet Helga Pálmadóttir
Hlutverk: Að gera tillögu um hvaða þjálfun barna með þroskafrávik eigi að fara fram á leikskólatíma
Helstu verkefni: Gera könnun meðal leikskóla í Reykjavík hvaða þjálfun er verið að bjóða upp á á leikskólatíma s.s. talþjálfun, sundþjálfun, iðjuþjálfun Gera könnun meðal annara sveitarfélaga hvaða þjálfun er boðið upp á á leikskólatíma Gera tillögur um hvaða þjálfun eigi að bjóða upp á á leikskólatíma
Fulltrúar í vinnuhópi: Sérkennslustjóri Múlaborgar Leikskólastjóri Stakkaborgar Sérkennsluráðgjafi Laugardals/Háaleitis Sérkennsluráðgjafi Vesturbæjar
Formaður vinnuhóps: Elisabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á Leikskólasviði
Starfsmenn: Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi á Leikskólasviði
Ráðgjöf / samstarf: Lögfræðingur Leikskólasviðs og aðrir sem starfshópurinn ákveður að leita til
Starfstínabil: 1. júní 2009 til 1. október 2009
Skil: til sviðstjóra Leikskólasviðs.

B. Fylgd barna af hálfu leikskólans til þjálfara sent frá skólaskrifstofu Akureyrar.

Reglur fyrir fylgd til þjálfara:

- ❑ Börn sem hafa 2 sérkennslustundir eða minna fá ekki fylgd til þjálfara af hálfu leikskólans.
- ❑ Börn sem hafa 3 stundir í sérkennslu á dag geta fengið fylgd frá leikskóla en þó ekki oftari en 1 sinni í viku.
- ❑ Börn sem hafa 4 stundir eða meira í sérkennslu geta fengið fylgd frá leikskóla.

Ávallt skal hafa í huga að þegar barn þarf á sérfræði aðstoð utan leikskóla að halda er það fyrst og fremst foreldranna að bera ábyrgð á því.

Mikilvægt er að góð tenging sé á milli sérkennsluaðila og þjálfara þannig að það nýtist barni og sérkennara sem best.

Í sumum tilfellum þarf barn að sækja þjálfun bæði til sjúkraþjálfara og talmeinafræðinga. Það væri gott ef fyrirkomulagið gæti verið þannig að barnið sé aðeins hjá öðrum þjálfaranum í einu og taki þá hlé frá hinum á meðan.

Ef upp koma einstök mál þar sem ekki er hægt að fara að ofangreindum reglum er hvert tilfelli metið með tilliti til aðstæðna.

C. Niðurstöður könnunar

Spurningar til leikskólastjóra um utanaðkomandi sérfræðiaðstoð innan leikskólans

Könnun var gerð af Tölfræði og rannsóknarþjónustu Leikskólasviðs og stóð yfir í september/október 2009

80 leikskólar svöruðu könnuninni og er það 100% svörun

1. Fá einhver börn þjálfun frá utanaðkomandi sérfræðingum eins og talmeinafræðingi, sjúkraþjálfara á leikskólatíma?


Já	54	67,5
Nei	26	32,5
Alls	80	100,0

2. Ef já hversu mörg börn eru að fá þessa þjálfun?

Fjöldi barna	Fjöldi	Hlutfall (%)
0	22	27,5
1	23	28,75
13	1	1,25
2	16	20
3	7	8,75
4	3	3,75
5	1	1,25
6	1	1,25
8	1	1,25
Alls	80	100

3. Hvernig er þessi þjálfun framkvæmd í leikskólanum? Kemur sérfræðingurinn í leikskólann eða fer barnið annað til að sækja þjálfunina? Barnið fer annað í þjálfunina

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Sérfræðingurinn kemur í leikskólann	1	1,3
Barnið fer annað í þjálfunina	41	51,3
Bæði	14	17,5



4. Ef farið er annað til að sækja þjálfunina fylgir þá starfsmaður leikskólans barninu?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	8	10,0	15,7
Nei	43	53,8	84,3
Alls	51	63,8	100,0
Svara ekki	29	36,3	
Alls	80	100,0	

5. Ef starfsmaður leikskólans fylgir barninu er hann þá þátttakandi í þjálfuninni?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	5	6,3	29,4
Nei	12	15,0	70,6
Alls	17	21,3	100,0
Svara ekki	63	78,8	
Alls	80	100,0	

6. Ef barnið sækir þjálfunina annað. Hvernig er staðið að ferðum barns og starfsfólks á milli leikskóla og þjálfunarstaðar? Er farið til dæmis á einkabíl, gengið, ferðaþjónusta fatlaðra eða annað?

Barnið fer með foreldrum í einkabíl

Barnið fer með foreldrum sínum

Börnin fara með foreldrum sínum

Einkabíl og leigubíl

Einkabílar, leikskólastjóri keyrir einnig leigubílar

Farið á einkabíl

Farið í einkabíl eða leigubíl starfsmaður fer bara með í eitt skipti

Farið í einkabíl með foreldrum ekki starfsmenn.

Fer með foreldri á þeirra bíl

Ferðaþjónusta fatlaðra

Foreldra sækir barnið og þar með líkur skóladegi þess. Það fer yfirleitt beint heim með foreldrinu eftir tíman, enda tími oft eftir miðjan skóladegi.

Foreldrar fara með börnin sín

Foreldrar hafa farið með börnin

foreldrar hafa haldið utan um þessi tvö dæmi

Foreldrar hafa séð um þennan þátt hér.

Foreldrar sinna því alfarið

Foreldrar sjá að fara með börnin

Foreldrar sjá um að fara með barnið í þjálfun

Foreldrar sjá um að fara með barnið og koma með það aftur í leikskólann. Iðjuþjálfari og sjúkrapjálfari koma í leikskólann og gefa starfsmönnum ráð og skoða aðstöðu barnanna í leikskólanum.

Foreldrar sjá um að keyra börnin sín

Foreldrar sjá um akstur

foreldrar sjá um flutning- fara sjálfir með barninu, ekki starfsmaður leikskólans

foreldrar sjá um þennan þátt, sækja barnið og fara í þjónustuna og kom með barnið aftur.

Foreldrar sækja barnið og koma því á milli

Foreldri sér uma það

Gengið eða foreldrar sjá um ferðir.

Í einu tilfelli sjá foreldrar um það alfarið. Í tveimur sækir starfsmaður 2 börn í þjálfun 2x í viku

Leigubíll eða leigubíll

Með ferðapjónustu fatlaðra.

Oftlega með einkabíl og / eða með foreldri

Starfsmenn horfa á þjálfun 2 á önn og þá er farið á einkabílum oftast

Strætó